

Mánudaginn 13. maí 1935.

Nr. 165/1934. Ásgeir Guðmundsson f. h. þrotabús
h/f Fáfnis

gegn

Jósef Eggertssyni

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir óskað þess, að mál þetta verði hafið, og hefir það verið samþykkt af hálfu stefnda, sem krafist hefir málskostnaðar. Er málið því hafið, og málskostnaður til handa stefnda ákveðinn 80 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Málið er hafið. Áfrýjandi, Ásgeir Guðmundsson f. h. þrotabús h/f Fáfni, greiði stefnda, Jósef Eggertssyni, 80 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. maí 1935.

Nr. 121/1934. Lárus Jóhannesson f. h. Jóhannesar
Jónssonar (Lárus Jóhannesson)

gegn

Samvinnufélagi Ísfirðinga
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Loforð um lánsútvegum eigi talið fela í sér ábyrgð um að lántakan heppnaðist.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 14. maí 1934: Stefndur, Samvinnufélag Ísfirðinga, skal vera sýkn af kröfum stefn-

andans, Óskars Borg á Ísafirði, fyrir hönd hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar vegna Jóhannesar Jónssonar.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða honum kr. 25319.50 með 6% ársvöxtum frá 2. nóv. 1931 og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af stefnda hálfu er krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Loforð stjórnenda hins stefnda samvinnufélags frá 3. júlí 1928 um að útvega áfrýjanda og féлага hans lán til kaupa á e/s Anders felur ekki í sér skuldbindingu um það, að félagið taki á sig nokkra ábyrgð gagnvart áfrýjanda á því, að lántakan heppnaðist. Og með því að stjórnendur félagsins virðast hafa gert það, sem þeim bar að gera, til að útvega lánið, þá verður það eigi gert ábyrgt fyrir það tjón, sem áfrýjandi hefir beðið vegna þess, að hann keypti skipið áður en séð var, hvort lánið fengist, og vegna þess, að hann gat ekki síðar staðið straum af skuldbindingum sínum vegna kaupsins á því. Verður samkvæmt þessu og þegar af þessum ástæðum að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lárus Jóhannesson f. h. Jóhannesar

Jónssonar, greiði stefnda, Samvinnufélagi Ísfirðinga, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af cand. jur. Óskari Borg á Ísafirði f. h. hæstaréttarmálaflutningsmanns Lárusar Jóhannessonar, vegna Jóhannesar Jónssonar, með stefnu dags. 23. marz 1932 gegn Samvinnufélagi Ísfirðinga, Ísafirði, til greiðslu á kr. 25319.50 ásamt 6% vöxtum frá sáttakæru-degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða til vara eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Magnús Vagnsson, skipstjóri fær stefnandann, Jóhannes Jónsson, með sér til að kaupa línuveiðarann „Anders“ R. E. 263. Hafði Magnús Vagnsson staðið í samningaumleitunum við Samvinnufélag Ísfirðinga út af skipakaupunum. Í fjárlögum 1928 var svo ákveðið, að gengið skyldi í ábyrgð fyrir lánum til félagsmanna í Samvinnufélagi Ísfirðinga til kaupa á fiskiskipum samtals allt að 320 þúsund krónum, enda nemi lánið eigi meira en $\frac{1}{4}$ af kaupverði skipanna fullbúnum til fiskiveiða og séu tryggð með fyrsta veðrétti í skipunum, sjálfskuldarábyrgð eigandanna og ábyrgð Ísafjarðarkaupstaðar.

Eitt af höfuðskilyrðum til þess að geta orðið þessara hlunninda aðnjótandi er því að vera félagi í Samvinnufélaginu. Samkvæmt réttarskj. 3 skýrir Magnús Vagnsson svo frá, að til máls hafi komið, að honum yrði falið eftirlit með smíði nýrra samvinnuskipa, en úr því varð þó eigi, en hinsvegar snérist nú málið á þá leið að með aðstoð Samvinnufélagsins réðist Magnús í að kaupa skipið „Anders“, en eins og áður er getið fékk hann stefnandann í félag með sér til skipakaupanna og var þeim afsalað skipinu af hálfu hlutafélagsins „Skuld“ 7. júlí 1928. Stefnandinn heldur því nú fram, að kaup þessi hafi verið byggð á því, að hann og félagi hans hafi treyst á loforð, sem Samvinnufélagið hafi gefið þeim um lánútveggunina sbr. fjárlagaákvæðin. Sömuleiðis heldur Theodór Lindal því fram, sem sá um söluna f. h. hlutafélagsins „Skuld“, að lánsút-

vegunarloforð Samvinnufélagsins hafi fyrir seljanda verið algerð ákvörðunarástæða fyrir sölunni, enda var réttur kaupenda til lánsfjárins framseldur seljanda, og leit Theodór Lindal svo á, að lánsútvegunartilboðið væri þannig útbúið að á því mætti byggja.

Í málinu liggur fyrir símskeyti, réttarskjal 7, til Magnúsar Vagnssonar, sem er undirritað:

„Samvinnufélag Ísfirðinga

Vilmundur Jónsson. Kristján Jónsson“.

og segir þannig í skeytinu:

„Munum þegar þér hafið uppfyllt skilyrði Samvinnufélagsins útvega yður lán í haust $\frac{1}{2}$ kaupverðs „Anders“, fari það ekki fram úr 40 þúsund kr. núverandi ástandi eða 60 þúsund krónum fullviðgerðu til lóðaveiða samkvæmt tillögum Gísla Jónssonar.

Þetta skeyti virðist liggja fyrir Theodór Lindal áður en salan fór fram og segir hann í réttarskjali 4 að vegna orðalags skeytisins hafi hann hringt til Ingólfs Jónssonar og spurt hann um hver skilyrðin væru. Segist hann hafa talið að við Ingólf Jónsson áður en skeytið var sent og veit hann eigi betur en skeytið hafi verið sent að undirlagi hans. Segir hann að Ingólfur Jónsson hafi tjáð sér að skilyrðin væru þessi:

1. að kaupendur legðu fram $\frac{1}{2}$ kaupverðsins.
2. að þeir væru meðlimir Samvinnufélagsins.
3. að skipið yrði skrásett á Ísafirði.
4. að kaupendur væru heimilisfastir á Ísafirði.
5. að kaupendur væru í solidariskri ábyrgð um kaupin.

Segir Theodór Lindal að önnur og fleiri skilyrði hafi eigi verið nefnd. Hafi hann því litið svo á að þau væru ekki fleiri. Segir hann nú að Magnús Vagnsson og stefnandinn, Jóhannes Jónsson hafi nú átt að koma því í lag er á vantaði, en á því stigi var ekki um annað að ræða en að þeir yrðu meðlimir Samvinnufélagsins, að þeir legðu fram tilsettan hluta og tjáðu sig fúsa til að skrásetja skipið á Ísafirði og flytja sig þangað. Stefnundur, Samvinnufélagið, hefir aftur lagt áherzlu á að þessi skilyrði hafi eigi verið tæmandi, og jafnvel þó Ingólfur Jónsson hefði gefið yfirlýsingu um að svo væri, þá hefði hann brostið heimild til þess að gefa slíka yfirlýsingu fyrir félagsins hönd. Virðist Samvinnufélagið halda því fram, að

aðalskilyrðið hafi verið að stefnandinn eða þeir félagar, útveguðu ríkissjóðs- og bæjarsjóðsábyrgðina. Vísar það í réttarskjal 24, þar sem 9 skipstjórar hafa veitt því umboð til að útvega ríkis- og bæjarsjóðsábyrgð fyrir sig og vilja af því leiða þá ályktun að skipstjórunum hafi sjálfum verið skylt að útvega ábyrgðina, sem þeir hafi útvegað þeim samkvæmt umboði frá þeim. Þá hefir stefndur enn neitað því að eigendur Anders hafi uppfyllt skilyrðin um greiðslu $\frac{1}{2}$ andvirðis skipanna. Stefnandinn eða umboðsmaður hans hefir hinsvegar haldið því fram, að hann hafi greitt $\frac{1}{2}$ hins upprunalega andvirðis skipsins og verið reiðubúinn að greiða $\frac{1}{2}$ viðgerðarinnar hvenær sem krafizt hefði verið. Virðist stefnandinn og félagi hans hafa greitt kr. 8500.00 til h/f „Skuld“, er afsalið fór fram, enda gefið þá út skuldabréf fyrir mismuninum, kr. 31.500.00, sem átti að greiðast 1. október 1931. Umboðsmaður stefnandans virðist aftur halda því fram, að $\frac{1}{2}$ hins upprunalega kaupverðs hafi verið greiddur að fullu. Þá hefir umboðsmaður stefnda haldið því fram, að stefnandinn og félagi hans hafi 1928 ráðstafað sjálfir sildarafla skipsins en eftir lögum Samvinnufélagsins ber félaginu að sjá um sölu á afurðum félagsins. Hann segir og að þeir félagar hafi gert öll innkaup fyrir skipið á sildveiðunum og hafi aldrei greitt neitt til sjóða Samvinnufélagsins. Af þessu virðist hann draga þá ályktun að stefnandinn og félagi hans hafi aldrei talið sig hafa félagsréttindi og hafi aldrei leitast við að vera hlutgengir félagsmenn.

Gegn þessu vísar aftur umboðsmaður stefnandans í skeytið á réttarskj. 8, þar sem tveir úr stjórn félagsins lýsa því yfir að stefnandinn og félagi hans sé löglegir meðlimir Samvinnufélags Ísfirðinga, og vísar til skýrslu Magnúsar Vagnssonar um að þeir hafi aldrei verið krafðir um gjald til félagsins, en segir að þeir hafi alltaf verið reiðubúnir til að greiða slík gjöld. Þegar rak að því að greiða skyldi skuldabréfið, neitaði Samvinnufélagið að útvega lánið og bar það fyrir sig að kaupendur Anders hefðu ekki fullnægt hinum settu skilyrðum. Áður hafði þó framkvæmdarstj. Samvinnufélagsins reynt að útvega ríkissjóðsábyrgðina, en eftir skýrslu hans var neitað um hana. Magnús Vagnsson átti einnig tal um ábyrgðina við fjármálaráðherra og sagði að hann hefði lofað henni gegn

nánar ákveðnum skilyrðum, en þessu hefir verið neitað af stefndum.

Á fundi Samvinnufélagsins 4. nóv. 1928 gefur framkvæmdarstjóri félagsins þá skýrslu að lán hafi verið ófáanleg í bönkunum, enda grundvöllinn vantað undir slíka lánveitingu, þar sem Magnús Vagnsson og Jóhannes Jónsson hafi eigi uppfyllt skilyrði Samvinnufélagsins fyrir lánsútveguminni. Fyrir þessum fundi lá skeyti frá stefnandanum og Magnúsi Vagnssyni, þar sem þeir segja að seljendur tilkynni að þeir gangi strax að skipinu og áskilja þeir sér allan rétt út af tjóni, sem þeir bíða af vanefndum. Samskonar skeyti fengu þeir frá seljendum Anders.

Svara þeir skeytinu þannig til þeirra: „Með því að þér og félagi yðar hafið eigi uppfyllt skilyrði Samvinnufélagsins fyrir lánsútvegum til kaupa á „Anders“, teljum vér oss lausa allra mála um útvegum á því“. Þeir tóku og það sama fram í skeytinu til fyrrverandi eigenda „Anders“.

Niðurstaðan verður svo sú, að gengið er að skipinu og það selt á nauðungaruppboði 4. jan. 1929 fyrir kr. 17.000.00. Árangurslaust löghald var gert í eignum Magnúsar Vagnssonar 2. okt. 1929, og 23. júlí 1930 féll dómur yfir stefnandann og Magnús Vagnsson þar sem þeir voru dæmdir til að greiða það, sem þá stóð eftir af skuldabréfinu, kr. 14.500, og vexti og málskostnað, sbr. réttarskjal nr. 12. Þennan dóm innleysti svo stefnandinn og er hann höfuðliðurinn í kröfu hans er getur um hér að framan, en ennfremur hefir hann krafizt kr. 5.000.00 framlags til skipakaupanna og 2000 kr. í skaðabætur eða alls kr. 25.319.50, sbr. reikninginn á réttarskjali 5. Stefndur hefir mótmælt öllum þessum upphæðum, en ex tuto andmælt þeim fyrir að þær væru of háar, og sérstaklega mótmælt skaðabótakröfunni fyrir vinnutjóni.

Rétturinn lítur svo á að það sé skjalfest að Samvinnufélag Ísfirðinga bauð kaupendum „Anders“, stefnandanum og Magnúsi Vagnssyni að útvega þeim lán $\frac{1}{4}$ á kaupverði „Anders“, fari það ekki fram úr 40 þúsund krónum eftir því ástandi, sem skipið var í þegar það var keypt eða 60 þúsund krónum fullgerðu til fiskveiða að því áskildu að skilyrðum Samvinnufélagsins væri fullnægt.

Að því er ágreining þann snertir, sem orðið hefir um

skilyrðin, lítur rétturinn svo á, að það sé yfir höfuð ekki sannað að Ingólfur Jónsson hafi gefið yfirlýsingu þá, er greinir í réttarskjali 4, um skilyrðin, enda verður rétturinn að fallast á að gegn mótmælum stefnda beri að líta svo á, að hann hafi ekki haft umboð til að binda félagið með yfirlýsingu um hver skilyrðin hafi verið og ber því ekki að telja upptalningu skilyrðanna á réttarskjali 4, sem tæmandi. Hinsvegar virðist það ekki eðlilegt, að félagið geti sett skilyrði eftir á, sem eigi séu liðir í eðlilegum viðskiptum eða eigi sér stað í lögum félagsins. Til þess að komast að niðurstöðu um það virðist rétt að íhuga hvað eðlilegast felist í því að Samvinnufélagið býðst til að útvega kaupendum „Anders“ lán til skipakaupanna. Rétturinn lítur svo á, að ef um annað er ekki sérstaklega samskið, þá felist í þessu aðeins það, að félagið útvegi peningalán, en lánpiggjandi sjái aftur um að nægar tryggingar séu fyrir hendi. Þar sem samningar virðast ekki liggja fyrir um það, að Samvinnufélagið eigi að útvega ábyrgðina, ber að líta svo á að stefnandanum og þeim manni, sem með honum var í kaupunum, hafi borið að útvega bæði ábyrgð rikissjóðs og bæjarsjóðs, og er þetta í samræmi við það að framkvæmdarstjóri Samvinnufélagsins hefir í líkum tilfellum útvegað kaupendum ábyrgðir rikissjóðs og bæjarsjóðs, en í umboði þeirra.

Rétturinn verður og að líta svo á að það hafi verið skilyrði fyrir rikissjóðsábyrgðinni að $\frac{1}{6}$ andvirðis skipsins eins og það var fullbúið til fiskiveiða, skyldi vera greiddur af kaupendum og þar sem stefnandinn hefir hvorki fullnægt þessu skilyrði að fullu eða lagt fram tryggingar þær, sem nauðsynlegar voru til þess að lánið fengist, ber að líta svo á, að Samvinnufélagið sé eigi bundið af loforði sínu um lánsútveguna, enda ef stefnandinn hefði getað lagt fram trygginguna, þá hefði honum verið innan handar að bjóða þær fram, er félagið neitaði um lánsútveguna, vegna þess að þessar tryggingar voru ekki fyrir hendi. Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnandans í þessu máli.

Málskostnaður þykir rétt að falli niður.